

Æskan er okkar fjársjóður



ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDANEFND
ith
HAFNARFJARÐAR

# Hafnfirsk æska 2004

# Mikilvæg símanúmer varðandi starf ÍTH

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skrifstofa tómstundamála Linnetsstíg 1 | 585 5750 | ith@hafnarfjordur.is | www.tomstund.is |
| Myndsendir | 585 5759 | | |
| Æskulýðs- og tómstundafulltrúi | 585 5750 | arni@hafnarfjordur.is | |
| Félagsmiðstöðin Vitinn Lækjarskóla | 555 0404 | vitinn@ismennt.is | www.ofvitinn.is |
| Félagsmiðstöðin Hraunið Víðistaðaskóla | 555 0299 | vitinnvido@tomstund.is | www.hraunid.is |
| Félagsmiðstöðin Verið Hvaleyrarskóla | 555 0780 | verid@ismennt.is | www.verid.is |
| Félagsmiðstöðin Setrið Setbergsskóla | 555 2955 | setrid@ismennt.is | www.zetrid.is |
| Félagsmiðstöðin Aldan Öldutúnsskóla | 565 0700 | aldan@ismennt.is | www.aldan.is |
| Félagsmiðstöðin Ásinn Áslandsskóla | 585 4600 | asinn@ismennt.is | |
| Félagsmiðstöðin Músik & Mótor | 565 3580 | motorhusid@nh.is | |
| Gamla bókasafnið | 565 5100 | gamlabokasafnid@tomstund.is | www.gamlabokasafnid.is |
| Vinnuskóli Hafnarfjarðar | 565 1899 | vinnuskoli@hafnarfjordur.is | |



# Símanúmer íþróttamannvirkja

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íþróttafulltrúi, Íþróttah. v/Strandgötu | 585 5753 | isj@hafnarfjordur.is | www.hafnarfjordur.is |
| Íþróttahúsið v/Strandgötu | 555 1711 | danh@hafnarfjordur.is | |
| Íþróttahús Víðistaðaskóla | 565 1544 | eliasmar48@hotmail.com | |
| Sundhöll Hafnarfjarðar | 555 0088 | sundh@mmedia.is | www.mmedia.is/sundh |
| Suðurbæjarlaug | 565 3080 | daniel@hafnarfjordur.is | |
| Íþróttabandalag Hafnarfjarðar | 555 2300 | ibh@hafnarfjordur.is | www.hafnarfjordur.is |

# Með sumarbros á vör



**Það styttist óðum í sumarkomu og þótt veturinn hafi verið óvenju mildur, þá er tilhlökkunin í bjarta langa sumardaga örugglega ofarlega í huga unga fólksins okkar.**

Útivera, ævintýri og leikir í fjölbreyttu tómastundastarfi er í ríkulegu boði þegar skólastarfinu lýkur á þessu vori. Æskulýðsstarfið í bænum er og hefur verið bæði fjölbreytt og kraftmikið og þátttakan aldrei jafn mikil. Stuðningur bæjarfélagsins með niðurgreiðslu á þátttökugjöldum hefur haft mikil og jákvæð áhrif og bæði íþrótta- og æskulýðsfélögin hafa fylgt því framtaki eftir með dugmiklu og öflugu starfi.

Í sumar verður boðið upp á margvíslegt starf fyrir alla aldurshópa yngstu kynslóðarinnar vítt og breitt um bæinn. Ég vil hvetja alla til að taka þátt og njóta þeirrar fjölbreyttu dagskrár og starfsemi sem er í boði. Gerum sumartímann bæði eftirminnilegan og ánægjulegan með hollri útiveru í góðum félagsskap.

**Gleðilegt sumar**
**Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri**

## Efnisyfirlit


Bjartir dagar ... 8
Dorgveiðikeppni ... 7
Félagsmiðstöðin Músík & Mótor ... 10
Félagsmiðstöðvar ... 9
Gamla bókasafnið ... 8
Gæsluvellir ... 7
Götuviti ... 8
Hafnarfjarðarkirkja, Sumarbúðir í bæ ... 19
Hafnfirsk æska 2004 ... 4
Íþrótta- og leikjanámskeið ÍTH ... 6
Íþróttir ... 11
Kvikmyndagerð og leiklist ... 15
Leikjanámskeið Öldunnar og Versins ... 5
Með sumarbros á vör ... 3
Mikilvæg símanúmer varðandi starf ÍTH ... 2
og forsvarsmenn þeirra ... 21
Rauði krossinn ... 18
Regnbogabörn ... 16
Símanúmer íþróttamannvirkja ... 2
Skólagarðar ... 7
Sumarbúðir KFUM og KFUK ... 19
Tómstund ... 5
Ungmömmumorgnar ... 8
Útilífsnámskeið Hraunbúa ... 17
Útimarkaður við Thorsplan ... 10
Útivistarskólinn á Gufuskálum ... 17
Vinnuskólinn ... 6


## Útgefandi


Íþrótta- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar
Linnetsstíg 1, sími 585 5750

**Ábyrgðarmaður:**
Árni Guðmundsson, æskulýðsfulltrúi

**Ritstjóri:**
Anna Kristín Bjarnadóttir, rekstrarstjóri

**Útlit og umbrot:**
Hönnunarhúsið

**Ljósmyndir á forsíðu:**
Guðni Gíslason

**Prentun:**
Íslandsprent

# Hafnfirsk æska 2004

Íþrótta- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar skipuleggur og vinnur að íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfi í Hafnarfirði, bæði á eigin vegum og í samvinnu við skóla og félög í bænum. ÍTH stendur fyrir ýmsum samkomum á vegum Hafnarfjarðarbæjar s.s. 17. júní hátíðarhöldum, jólatrésskemmtun, hátíðarhöldum á sumardaginn fyrsta, öskudagsskemmtun o.fl. í samvinnu við félög og samtök í Hafnarfirði.

Með þessum bæklingi er verið að kynna sumarstarf fyrir börn og unglinga á vegum íþrótta- og tómstundanefndar og ýmissa félaga og samtaka. Skrifstofa æskulýðs- og tómstundamála er að Linnetsstíg 1, sími 585 5750, myndsendir 585 5759. Starfsmenn þar eru tveir, Árni Guðmundsson æskulýðsfulltrúi, og Anna Kristín Bjarnadóttir rekstrarstjóri. Undir starfsemina heyra m.a. félagsmiðstöðvar, Vinnuskóli Hafnarfjarðar, Hljóðkerfi Hafnarfjarðar og leikjanámskeið bæjarins á sumrin.

## Sumarstarf bæjarins og skráningu þátttakenda

Skráning þátttakenda í skólagarða verður dagana 24.-28. maí frá kl. 9-12. Skráning á íþrótta- og leikjanámskeið verður dagana 3-4. júní. Skráning á ofangreind námskeið fer fram á skrifstofu Vinnuskólans, Brekkugötu 2 og greiðast þátttökugjöld við innritun. Skráning á leikjanámskeið Versins og Öldunnar fer fram í Öldunni, 1.-4. júní frá kl. 9-12 og kl. 13-16.

## Fjölskylduafsláttur

Ef fleiri en eitt barn frá sama heimili taka þátt í starfi á vegum íþrótta- og tómstundanefndar er veittur fjölskylduafsláttur sem er 50% fyrir annað og þriðja barn. Athugið að þessi afsláttur nær eingöngu til þeirra námskeiða sem eru á vegum íþrótta- og tómstundanefndar og verða börnin að vera á sama námskeiði til að fá afsláttinn. Ýmis félög gefa einnig systkinaafslátt. Námskeið á vegum tómstundamála eru eftirfarandi: Leikjanámskeið Versins, Öldunnar, íþrótta- og leikjanámskeið bæjarins, skólagarðar og Tómstund.



Ljósm.: Guðni Gíslason

# Tómstund




Í sumar verður boðið upp á sérstök tómstundatilboð fyrir 12 og 13 ára unglinga (úr 6. og 7. bekk, fædd 1991 og 1992). Dagskráin samanstendur af mjög fjölbreyttum og áhugaverðum námskeiðum og ýmsum uppákomum í formi íþróttastarfsemi, útiveru og stuttra ferðalaga. Dagskráin mun mótast eftir hugmyndum og áhuga þátttakenda en þó verða með svipuðu sniði og fyrri ár.

Þátttökugjald verður í lágmarki og miðast fyrst og fremst við efniskostnað og kostnað við rútuferðir. Starfsemi Tómstundar fer fram frá kl. 9-12 og 13-16 virka daga og mun hefjast að loknum skólaslitum grunnskólanna.

Höfuðstöðvar Tómstundar verða á þriðju hæð fyrir ofan Bónusvídeó, gengið inn frá Brekkugötu (gamla húsnæði Héraðsdóms Reykjaness).

Dagskrá verður auglýst betur síðar með dreifibréfi í skólunum. Allar upplýsingar um Tómstund eru veittar í síma 664 5768 (Logi) og með tölvupóst logi@tomstund.is.

Umsjónarmaður Tómstundar er Logi Karlsson.

# Leikjanámskeið Öldunnar og Versins

Í sumar verða Félagsmiðstöðvarnar Aldan, Öldutúnsskóla og Verið, Hvaleyrarskóla með heilsdagsnámskeið eins og áður. Hámarksfjöldi þátttakenda verður takmarkaður á hvorum stað og boðið verður upp á nokkur pláss fyrir börn með sérþarfir.

Starfsfólk vinnur að skipulagningu leikja með börnunum, farið verður í gönguferðir, kynnisferðir á söfn og í fyrirtæki, farið í sund o.m.fl. Á hverju námskeiði er farið í eina dagsferð út úr bænum og í aðra styttri ferð. Ef illa viðrar eru börnin inni. Börnin þurfa sjálf að koma með nesti fyrir daginn s.s. hádegismat og síðdegissnarl. Gott eldhús er á staðnum með bæði örbylgjuofni og grilli. Námskeiðin verða fjögur á báðum stöðum en fimmta námskeiðið verður eingöngu á öðrum staðnum.

Námskeiðstími er frá kl. 9-16 en boðið er upp á gæslu frá kl. 8-9 og 16-17 gegn vægu gjaldi eða kr. 1000. Námskeiðin eru fyrir börn á aldrinum 7-12 ára (fædd 1992-1997) og verða sem hér segir:



**1. námskeið:**
7. júní - 18. júní (9 dagar)
**2. námskeið:**
21. júní - 2. júlí (10 dagar)
**3. námskeið:**
5. júlí - 16. júlí (10 dagar)
**4. námskeið:**
19. júlí - 30. júlí (10 dagar)
**5. námskeið:**
3. ágúst - 13. ágúst (9 dagar)
*Ath. þetta námskeið verður eingöngu á öðrum staðnum.*

Þátttökugjald á 9 daga námskeið er 6300 kr. en á fullt 10 daga námskeið kostar 7000 kr. Systkinaafsláttur er 50%. Börnum með sérþarfir sem heyra undir 2. gr. laga um málefni fatlaðra er veittur 50% afsláttur af námskeiðsgjaldi.

Nánari upplýsingar verða veittar í Öldunni í síma 565 0700 og fer skráning þar fram fyrir báða staðina dagana 1.-4. júní frá kl. 9-12 og 13-16.

Aldan sími: 565 0700
aldan@ismennt.is
Verið sími: 555 0780
verid@ismennt.is

# Íþrótta- og leikjanámskeið ÍTH

Í sumar mun ÍTH standa fyrir rekstri á hinum sívinsælu íþrótta- og leikjanámskeiðum. Námskeiðin verða að mestu leyti með hefðbundnu sniði. Leiðbeinendur hafa ávallt lagt metnað í að bjóða upp á nýjungar í starfinu.

Yfirumsjónarmaður námskeiðanna er Geir Hallsteinsson íþróttakennari.

Markmið ÍTH með rekstri íþrótta- og leikjanámskeiða eru mörg en ljóst er að með starfi þessu gefst kostur á að veita öflugt forvarnarstarf, markvissa kynningu á margskonar leikjum og íþróttum ásamt mikilli áherslu á almenna útiveru svo dæmi séu nefnd.

Í sumar verður m.a. boðið upp á siglingar á Hvaleyrarvatni, dorgveiðikeppni, sund, ýmsar skemmtilegar ferðir jafnt utan sem innan höfuðborgarsvæðisins. Boðið verður upp á „Ólympíuleika" þar sem öll námskeiðin hittast á Víðistaðatúni og fara í leiki og ýmsar íþróttir, en markmið dagsins eru m.a. að kynnast krökkum á öðrum námskeiðum og eiga saman skemmtilegan dag. Þá fá þátttakendur kynningu á hvað íþróttafélögin hér í bæ bjóða upp á og þekktir íþróttamenn bæjarins koma í heimsókn.

Námskeiðin verða í Engidalsskóla, Víðistaðaskóla, Lækjarskóla, Setbergsskóla, Hvaleyrarskóla og við Hvaleyrarvatn. Íþrótta- og ævintýraklúbbur verður í gamla leikfimishúsinu.



Ljósm.: Guðni Gíslason

**Íþrótta- og leikjanámskeiðin** hefjast fimmtudaginn 10. júní og standa til 30 júlí. Þá er fyrirhugað að bjóða upp á eitt námskeið 3.-14. ágúst á einum eða tveimur stöðum í bænum eftir þátttöku.

Námskeiðin eru fyrir börn fædd 1995-1997 (7-9 ára). Dagskráin er frá kl. 9-12 og 13-16 og ókeypis gæsla milli kl. 8-9, 12-13 og 16-17.

Börn fædd 1990-1994 (10-14 ára) verða í **Íþrótta- og ævintýraklúbbnum** með aðsetur í gamla leikfimihúsinu (v/gamla Lækjarskólann). Tíminn er samkomulagsatriði milli kennara og nemenda, hvort byrjað sé kl. 9 eða síðar.

**Innritun hefst fimmtudaginn 3. júní og stendur til og með föstudeginum 4. júní.**

Að þessu sinni fer innritun fyrir öll námskeiðin fram í „Dverg" Brekkugötu 2 frá kl. 9-6.

Fimmtudaginn 10. júní er innritað á öllum námskeiðsstöðum.

Þátttökugjöldum er stillt í hóf og kostar vikan (½ dagur) kr. 1.200.-, 4 vikur kosta kr. 4.800.-

Veittur er 50% systkinaafsláttur. Hægt er að vera allan daginn en þá verður að greiða tvöfalt. Minnst hægt að greiða fyrir tvær vikur.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Vinnuskólans, Brekkugötu 2, í síma 565 1899 og á skrifstofu tómstundamála, Linnetstíg 1, sími 585 5750.

# Vinnuskólinn

Í sumar verða unglingar fæddir 1990, 1989 og 1988 í Vinnuskólanum (14, 15 og 16 ára). Vinnuskólinn hefur starfsemi sína 14. júní en þá hefja 15 og 16 ára unglingar vinnu.

14 ára unglingar hefja vinnu 21. júní. 16 ára unglingar vinna í 7 vikur, eða til og með 30 júlí. 15 ára unglingar vinna í 6 vikur eða til 23. júlí. 14 ára unglingar vinna í 6 vikur og ljúka þeir störfum 29. júlí. 14 ára unglingar vinna hálfan daginn, mánudag til fimmtudags og eru aðra hverja viku fyrir hádegi og eftir hádegi hina. Fyrir hádegi er unnið frá 8-12 (16 klst. á viku) og eftir hádegi frá 13 til 16.30 (14 klst. á viku).

15 og 16 ára unglingar vinna frá 8-11.30 og 13-16, mánudag til fimmtudags, en frá 8-12 á föstudögum. Unglingarnir vinna mest við hreinsun og garðyrkjustörf innanbæjar. Þá verður einnig um ýmisskonar utanbæjar verkefni að ræða, göngustígagerð o.s.frv. Hópur unglinga vinnur hjá íþrótta- og æskulýðsfélögum bæjarins við ýmis störf.

Skrifstofa og afgreiðsla Vinnuskólans er nú að Brekkugötu 2 (í Dverg) en fyrirhugað er að skólinn verður fluttur í hús Hjálparsveitar skáta að Hrauntungu í byrjun júní. Á starfstíma Vinnuskólans er skrifstofan opin frá 7.45-16.30.

Sími Vinnuskólans er 5651899, netfangið er vinnuskoli@hafnarfjordur.is. Forstöðumaður Vinnuskólans er Ellert Baldur Magnússon.

# Skólagarðar

Í sumar eiga börn á aldrinum 8-12 ára (fædd 1992-1997) kost á að starfa í skólagörðunum. Hvert barn fær úthlutað tveimur reitum, annars vegar fyrir grænmeti og hins vegar fyrir kartöflur.

Samhliða garðrækt verður einnig reynt að efla umhverfisvitund barnanna með fræðslu sem og skoðunarferðum. Þá verður staðið fyrir ýmsum uppákomum s.s. drullukökukeppni, leikjum og fleiru skemmtilegu.

Í bænum eru garðar á eftirfarandi stöðum: **Á Víðistöðum s. 664 5769, efst á Öldugötu s. 664 5772, neðan við Lyngbarð s. 664 5770 og við Mosahlíð s. 664 5771.**

Starfið hefst fimmtudaginn 3. júní og verða garðarnir opnir frá kl. 9-12 og 13-16 dag hvern allt fram til 21. ágúst.

Eins og undanfarin ár er áætlaður sérstakur uppskerudagur með foreldrum og verður hann í lok ágúst.

**Innritun fer fram á skrifstofu Vinnuskóla Hafnarfjarðar dagana 24.-28. maí frá kl. 9-12 en eftir 3. júní á hverjum stað.** Þátttökugjald að upphæð kr. 2.500 greiðist um leið og innritað er.

Vert er að benda eldri borgurum bæjarins á að þeim stendur til boða afnot af ræktunarreitum í görðunum eftir því sem aðstæður leyfa.



Nánari upplýsingar er að fá á skrifstofu Vinnuskóla Hafnarfjarðar, sími 565 1899, einnig á skrifstofu tómstundamála sími 585 5750.

# Gæsluvellir

Í sumar mun Vinnuskóli Hafnarfjarðar standa fyrir rekstri gæsluvalla við Háholt og Grænukinn. Verði aðsókn mikil má einnig búast við að opnað verði í Setbergi. Yfirmaður gæsluvallanna er uppeldismenntaður og flest starfsfólk er einnig uppeldismenntað, í uppeldistengdu námi og/eða með reynslu af umönnun barna.

Opnunartími vallanna er frá kl. 9-12 og frá kl. 13-16 (lokað í hádeginu). Gæsluvellirnir verða opnir fram yfir miðjan ágústmánuð, eða á meðan sumarstarfi Vinnuskólans stendur.



Gjald fyrir hverja komu á gæsluvöll er 100 krónur. Hægt er að kaupa kort með 25 miðum á 2.000 krónur.

Gæsluvellirnir eru ætlaðir börnum á aldrinum 2-6 ára. Börnin mega koma með nesti og ætlast er til að þau séu klædd eftir veðri og hafi með sér aukaföt.

# Dorgveiðikeppni



Ljósm.: Guðni Gíslason

**Miðvikudaginn 23. júní** verður haldin dorgveiðikeppni fyrir hafnfirsk börn á aldrinum 7-12 ára (1992-1997) á Flensborgarbryggju. Hægt er að fá lánuð færi og beitu á staðnum.

Keppnin verður færð á annan dag ef veður er slæmt. Dorgveiðikeppnin hefur verið sú fjölmennasta á landinu. Öll börn á ofangreindum aldri eru velkomin. Nánari uppl. á skrifstofu tómstundamála í síma 585 5750.

# Gamla bókasafnið




Kaffi- og menningarhúsið Gamla bókasafnið hóf starfsemi í október 2003. Þar er fjölbreyttur vettvangur fyrir ungt fólk, 16 ára og eldra, netkaffi, tónleikahald, kaffihús, breiðtjald, hópastarf, klippitölvur ofl. Unga fólkið kann sannarlega að meta staðinn og aðsókn og verkefnum fer fjölgandi. Í Gamla bókasafninu eru haldnir tónleikar og hafa hljómsveitir tekið aðstöðunni fagnandi.

Yfir sumartímann breytist starfsemin og verður opið á fimmtudags- og mánudagskvöldum. Á daginn mun ýmis starfsemi á vegum Vinnuskólans eins og fjölmiðlahópur og götuleikhús nýta sér húsið. Bjartir dagar, listahátíð ungs fólks fer að miklu leyti fram í þar 12.-23. júní. Í ágúst verður leiklistarstarf í húsinu.

Ýmisskonar önnur starfsemi fer fram í Gamla bókasafninu sem einnig er miðstöð forvarna í Hafnarfirði. Starfsmenn eru Geir Bjarnason, forstöðumaður og forvarnafulltrúi og Erla Hjartardóttir, tómstundafræðingur. Síminn er 565 5100, netfangið er gamlabokasafnid@tomstund.is.

Við erum í Gamla bókasafninu Mjósundi 10.

Veffang: www.gamlabokasafnid.is

# Bjartir dagar

Í Gamla bókasafninu fer fram fjölbreytt dagskrá meðan á Björtum dögum stendur. Ungt fólk hefur unnið að undirbúningi og skipulagt dagskrá fyrir ungmenni, 13 ára og eldri. Tónlist skipar veigamikinn sess og verða tónleikar flesta daga og á hverjum degi er einni tónlistarstefnu sinnt s.s. með tónleikahaldi. Fjölmargt verður að gerast en lokapunkturinn er útitónleikar 22. júní við gamla Lækjarskóla.

Kaffihúsið verður opið alla daga meðan á Björtum dögum stendur og er það rekið af ungu fólki sem sjálft sér um allan rekstur þess, allt frá því að baka til þess að kaupa inn vörur.

# Götuviti

Útideild okkar Hafnfirðinga, Götuvitinn, er forvarnarverkefni sem rekið er af forvarnarnefnd og félagsmiðstöðvunum og er starfrækt allt árið.

Markmið Götuvitans er fyrst og fremst að draga úr hættu á að ungmenni leiðist út í óæskilega iðju. Einnig á Götuvitinn að vera hluti af því öryggisneti sem æskilegt er að sé til staðar þar sem unglingar safnast saman. Götuvitinn miðlar upplýsingum til þeirra sem vinna með börnum og unglingum. Götuvitinn er mikilvægur þáttur í forvarnar- og leitarstarfi Hafnarfjarðarbæjar.

Allar nánari upplýsingar um starfið er hægt að fá á Tómstundaskrifstofu í síma 585 5750 og tomstund.is. Sími Götuvitans er 664 5777.

# Ungmömmumorgnar



Á þriðjudagsmorgnum hittast ungar mæður í Gamla bókasafninu. Starfið hefst kl. 10 og stendur til kl. 13. Ungmömmumorgnar verða starfandi til júníloka og hefjast aftur í lok ágúst.

Ungum mæðrum gefst kostur á að hitta aðrar mæður og skiptast á upplýsingum, fá fræðslu og eiga góða samverustund. Heilsugæslan í Hafnarfirði ásamt Gamla bókasafninu standa að þessu verkefni. Ungmömmumorgnarnir eru á þriðjudögum frá kl. 10-13.

Gamla bókasafnið, Mjósundi 10, sími 565 5100.

# Félagsmiðstöðvar



## Aldan - Öldutúnsskóla

Félagsmiðstöðin Aldan var opnuð með formlegum hætti í janúar 2000 og er staðsett í Öldutúnsskóla. Starfsemin miðast fyrst og fremst við unglingadeildina, þ.e. aldurinn 13-16 ára. Á veturna leitast Aldan við að bjóða upp á fjölbreytta starfsemi þar sem unglingarnir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Á sumrin starfrækir Aldan leikjanámskeið.

Forstöðumaður er Elfa Stefánsdóttir. Síminn í Öldunni er 565 0700, netfang Öldunnar er aldan@ismennt.is og heimasíðan er www.aldan.is.

## Vitinn - Lækjarskóla

Vitinn er með aðsetur í nýjum Lækjarskóla. Vitinn er með reglulega starfsemi yfir vetrartímann og býður þar uppá fjölbreytta starfsemi fyrir 7.-10. bekk. Starfsemi Vitans liggur að mestu niðri yfir sumartímann. Vitinn opnaði nýverið heimasíðu á slóðinni www.ofvitinn.is þar eru frekari upplýsingar um starfið auk skemmtilegra mynda. Forstöðumaður Vitans í Lækjarskóla er Arnar Ævarsson, sími 555-0404/555-0585 og netfangið er vitinn@ismennt.is.

## Ásinn - Áslandsskóla

Félagsmiðstöðin Ásinn var opnuð í október á síðasta ári fyrir 8. og 9. bekk Áslandsskóla. Í byrjun var einungis opið tvisvar í viku en í janúar jókst starfið til muna. Starfsfólk Ássins leitast við að bjóða upp á fjölbreytta starfsemi við hæfi flestra unglinga í Áslandsskóla. Félagsmiðstöðin er staðsett í sal skólans. Starfræktur er tölvuklúbbur í umsjón Úlfars Daníelssonar tölvukennara Áslandsskóla, stelpu- og karlaklúbbur eru einnig starfræktir í hverri viku.

Forstöðumaður Ássins er Helga Vala Gunnarsdóttir, asinn@ismennt.is og síminn er 5854611/6645763. Á heimasíðu Áslandsskóla er hægt að sjá dagskrá Ássins, upplýsingar um viðburði og annað sem varðar félagsmiðstöðina, veffangið er www.aslandskoli.is.

## Hraunið - Víðistaðaskóla

Í Víðistaðaskóla hefur verið rekin félagsmiðstöð og hefur starfsemin aukist ár frá ári. Hraunið og Víðistaðaskóli eru í góðu samstarfi með hagsmuni unglinganna í fyrirrúmi. Í Hrauninu er fjölbreytt og blómlegt starf sem unglingaráð Hraunsins skipuleggur í samstarfi við starfsmenn og aðra unglinga skólans. Í sumar leggst starfsemin af að mestu en starfsmenn vinna að ýmsum sumarverkefnum ásamt Tómstund. Hefðbundið vetrarstarf félagsmiðstöðvarinnar byrjar af fullum krafti í glæsilegri aðstöðu í nýrri viðbyggingu skólans í haust.

Forstöðumaður Hraunsins er Jóhanna M. Fleckenstein. Félagsmiðstöðin er komin með heimasíðu www.hraunid.is, síminn er 555 0299, netfang hraunid@tomstund.is.

## Setrið - Setbergsskóla

Félagsmiðstöðin Setrið leitast við að bjóða upp á fjölbreytta starfsemi þar sem allir unglingar geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Íþrótta og leikjanámskeið verða starfrækt með svipuðum hætti og áður hefur verið. Sjá nánar Íþrótta- og leikjanámskeið.

Forstöðumaður er Ólafur J. Stefánsson, síminn í félagsmiðstöðinni er 555 2955. Netfangið er setrid@ismennt.is. Setrið hefur nú tekið í gagnið nýja og skemmtilega heimasíðu sem vert er að kíkja á, www.zetrid.is.

## Verið - Hvaleyrarskóla

Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar er fyrst og fremst bundin við unglinga á aldrinum 13-16 ára. Frá og með 16. maí lýkur hefðbundnu starfi Versins en leikjanámskeið taka við í júní, júlí og ágúst.

Forstöðumaður Versins er Páll Arnar Sveinbjörnsson og síminn þar er 555 0780. Ný heimasíða var opnuð í mars sl. og er slóðin www.verid.is. Netfang Versins er verid@ismennt.is.

# Útimarkaður við Thorsplan

Á góðviðrisdögum í júní og júlí er stefnt að því að halda útimarkað á Strandgötu og bjóða upp á skemmtilega markaðsstemmningu þar sem hægt er að kaupa bæði notað og nýtt.

Þeir sem áhuga hafa á að leigja aðstöðu á markaðnum eða hafa eitthvað nýtt og spennandi fram að færa varðandi fyrirkomulag og uppákomur er bent á að hafa samband við Vinnuskólann í síma 565 1899, netfang: vinnuskoli@hafnarfjordur.is.



# Félagsmiðstöðin Músík & Mótor

Músík & Mótor er félagsmiðstöð byggð upp á tveimur megin þáttum. Annarsvegar Músíkhúsið sem býður upp á æfingaaðstöðu fyrir hljómsveitir og hinsvegar Mótorhúsið sem byggist upp á mótorhjólasportinu. Í músíkhlutanum býðst hafnfirskum hljómsveitum æfingaaðstaða þeim að kostnaðarlausu. Á staðnum eru fimm herbergi sem nýtast ýmist fyrir tvær eða þrjár hljómsveitir í hverju. Músík & Mótor veitir hljómsveitum aðstöðu. Eitt af skilyrðum fyrir afnotarétti aðstöðunnar er að hljómsveitir skuldbinda sig til að spila fyrir íþrótta- og tómstundanefnd minnst þrisvar á ári. Starfsemin er ætluð ungu fólki á aldrinum 13-20 ára. Þeir sem vilja sækja um aðstöðu geta sótt um hjá Músík & Mótor með tölvupósti og þar skal koma fram eftirfarandi:

*Nafn ábyrgðarmanns, heimilisfang, símanúmer, aldur, fjölda hljómsveitarmeðlima og tegund tónlistar.* Sendist á motorhusid@nh.is merkt „Æfingapláss“.

Mótorhúsið er starfrækt sem sérhæfð félagsmiðstöð og er opin öllum unglingum á aldrinum 13-18 ára. Mótorhúsið er miðstöð fyrir þá sem hafa áhuga á jaðaríþróttum en megin áhersla er lögð mótorhjól og allt sem þeim viðkemur.

Þar býðst aðstaða til viðhalds og viðgerða undir leiðsögn. Starf Mótorhússins er sértækt en fjölbreytt og einnig er mikil tenging inn í motocross íþróttina. Þar gefst einnig kostur á ástands- og söluskoðun mótorhjóla og ráðgjöf varðandi kaup á hjóli og öryggisbúnaði. Aðal áhersla starfseminnar er að veita innsýn í mótorhjólaíþróttina og allt sem snýr að þessari skemmtilegu afþreyingu.

**Opnunartími Mótorhússins:**
**Mánudagar frá kl. 17-22.**
**Miðvikudagar frá kl. 17-22.**
**Annar hver föstudagur kl. 16.30-23.**
**Laugardagar kl. 10-15.**

Lokað verður vegna sumarleyfa frá 14. júní - 22. júlí.

Músík & Mótor, Dalshrauni 22.
Sími 565-3580, motorhusid@nh.is



# Íþróttir

## Frjálsíþróttanámskeið FH

Í sumar verða haldin frjálsíþrótta- og leikjanámskeið á vegum frjálsíþróttadeildar FH. Námskeiðin verða haldin á frjálsíþróttavelli félagsins í Kaplakrika. Námskeiðin eru fyrir 6-11 ára (1993-1998), eftir hádegi frá kl. 13-16, boðið er upp á gæslu milli kl. 16 og 17 fyrir þá sem vilja.

Á námskeiðunum eru hinar ólíku greinar frjálsíþrótta teknar fyrir, svo sem stangarstökk, langstökk, hástökk, kúluvarp, boltakast og spretthlaup ásamt því að við förum í leiki tengda íþróttum. Í lok hvers námskeiðs verður pizzuveisla og fá allir viðurkenningarskjöl. Einnig verður boðið upp á a.m.k tvö frjálsíþróttamót fyrir þennan aldurshóp. Stórmót Gogga galvaska 25. - 27. júní í Mosfellsbæ og Hafnarfjarðarmeistaramót Gaflarans í júlí.

Börnin skulu vera klædd eftir veðri og hafa með sér hollt nesti.

**Haldin verða fjögur námskeið:**
**1. námskeið 7.-18. júní**
**2. námskeið 21. júní - 2. júlí**
**3. námskeið 19.-30. júlí**
**4. námskeið 3.-13. ágúst**

Verð: 3.000 kr. á námskeið. Skráning og upplýsingar á milli kl. 11 og 13 í síma 868 9346 hjá Ævari Erni Úlfarssyni. Yfirumsjón námskeiðanna er í höndum Silju Úlfarsdóttur og Ævars Arnars Úlfarssonar. Von er á góðum gestum í heimsókn.






Ljósm.: Guðni Gíslason

## Handbolta- og íþróttaskóli FH

Fer fram í íþróttahúsi Kaplakrika 3. - 20. ágúst í báðum sölum fyrir bæði kynin. Miðað við aldursflokka tímabilið 2004 - 2005.

**7.fl. fædd 1995 - 1996 kl. 10-12**
**6.fl. fædd 1993 - 1994 kl. 13-15**
**5.fl. fædd 1991 - 1992 kl. 15-17**

Námskeiðið kostar 2.000 kr. og er veittur 50% systkinaafsláttur.

Innritun fer fram í tengibyggingu Kaplakrika fimmtudaginn og föstudaginn 29.-30. júlí kl. 9-16, einnig í síma 565 2534. Svo er hægt að mæta þann 3. ágúst á fyrstu æfingu og láta skrá sig.

Yfirþjálfari verður hinn kunni yngriflokkaþjálfari Einar Andri Einarsson sími 862 3451. Einnig koma leikmenn mfl. karla og kvenna í heimsókn og í lok námskeiðsins verður grillað og viðurkenningarskjöl afhent. Þarna gefst krökkunum gott tækifæri til að undirbúa sig fyrir nýtt tímabil.

## Knattspyrnuskóli FH

Í sumar verða haldin námskeið í knattspyrnu fyrir stelpur og stráka á aldrinum 5-12 ára. Dagskráin byrjar mánudaginn 14. júní og heldur áfram nánast óslitið þar til skólarnir byrja í haust.

Eins og áður er nemendum skipt upp í hópa eftir aldri og getu þannig að hver einstaklingur fær kennslu við sitt hæfi. Viðfangsefnin eru allt frá grunntækni knattspyrnunnar til leikskilnings. Leitast er við að þroska einstaklinginn með skemmtilegum og fjölbreyttum leikjum er tengjast knattspyrnunni. Þjálfunin er einstaklingsmiðuð og áhersla lögð á tækniæfingar fyrir þau yngstu upp í flóknari spilform fyrir lengra komna. Allar nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Kristmundi Guðmundssyni í síma 6917 449 alla virka daga eftir kl. 17 eða á heimasíðu FH, www.fhingar.is Skemmtum okkur saman í sumar í Knattspyrnuskóla FH. Allir velkomnir, stelpur jafnt sem strákar.

## Boltaskóli FH

Boltaskóli yngstu barnanna verður starfræktur í sumar eins og síðustu sumur. Boltaskólinn er í boði fyrir fjögurra og fimm ára börn fædd 1999 og 2000. Skólinn er frá kl. 10-12, (gæsla frá kl. 9) annars vegar og frá kl. 13-15, (gæsla til kl. 16) hins vegar, alla virka daga þegar leikskólarnir eru í sumarfríi. Þar fá börnin að kynnast ýmsum boltatengdum leikjum og annars konar hreyfingu. Áhersla er lögð á að auka hreyfifærni, samhæfingu og að kynnast boltanum. Hvert námskeið stendur yfir í tvær vikur. Upplýsingar um námskeiðin er hægt að fá í síma 691 7449 hjá Kristmundi Guðmundssyni eftir kl. 17 alla virka daga eða á heimasíðunni www.fhingar.is undir Knattspyrnuskóli.

## Sumarstarf Hauka

Í sumar verður sumarstarfsemi félagsins með hefðbundnum hætti þar sem starf knattspyrnudeildar verður í öndvegi með Knattspyrnuskóla Hauka fyrir stelpur og stráka á Ásvöllum. Boðið er upp á skemmtileg og þroskandi viðfangsefni í öruggu og félagslega góðu umhverfi undir leiðsögn menntaðra leiðbeinenda. Handboltia-, körfu- og karatedeildin verða einnig með starfsemi í sumar eins og undanfarin ár. Ýmis námskeið verða í boði sem kynnt verða síðar, m.a. í samvinnu við Ástjarnarsókn.

Þátttakendum verður skipt í hópa eftir aldri og getu þar sem hver og einn fær kennslu og verkefni við sitt hæfi. Viðfangsefni hvers námskeiðs tengjast að stærstum hluta framangreindum íþróttagreinum þar sem leikræn nálgun tækniatriða og leikja er höfð að leiðarljósi. Einnig verður boðið upp á ýmsa leiki sem efla líkams- og félags- og hreyfiþroska hvers einstaklings. Knattspyrnuskóli knattspyrnudeildar verður með svipuðu sniði og síðastliðið sumar.

**Megininntak hvers aldurshóps:**

• 5-6 ára: Leikjakennsla, fjölþættar leikrænar æfingar sem miðast við þroska og getu hvers og eins.

• 7-8 ára: Grunnkennsla í knattmeðferð og leikfærni þar sem áhersla er lögð á leikrænan þátt æfinga og leikja.

• 9-12 ára: Sérhæfðar æfingar þar sem áhersla er lögð á bætta tækni, aukinn leikskilning og háttvísi í leik.

Kennsla fer fram bæði utan- og innanhúss. Stefnt er að því að bjóða aldurshópnum 10-14 ára upp á þátttöku í Knattspyrnuakademíu Wimbledon í júní, en gestakennarar frá Wimbledon munu heimsækja Ásvelli í sumar.

Ásvellir bjóða upp á einhverja bestu aðstöðu til íþróttaiðkunar sem fyrirfinnst hér á landi þannig að allir, ungir sem gamlir, ættu að finna eitthvað við sitt hæfi í sumar. Á heimasíðu félagsins, www.haukar.is, er einnig að finna ýmsan fróðleik um starfsemi félagsins eða í símum 525 8700 og 525 8705.

Það sem verður í boði er: Fimleikar - trampólín, klettaklifur, Tae Kwon Do, gönguferðir, leikir, sund o.fl. Námskeiðunum verður stjórnað af íþróttakennurum og þjálfurum félagsins.

Ath. Ekkert aukagjald bætist við námskeiðsgjaldið. Innifalið í gjaldinu er bolur og grillveisla.

Þetta er gott tækifæri fyrir hressa krakka sem vilja kynnast hinum ýmsu íþróttagreinum.




## Íþróttanámskeið, fimleikar og fimi

## Íþróttamiðstöðin Björk

Sumarnámskeið Fimleikafélagsins Bjarkar verða haldin í júní- og ágústmánuði. Frábær aðstaða í Íþróttamiðstöðinni Björk að Haukahrauni.

**Námskeið 1** (6 virkir dagar)
**10. - 18. júní**
heilsdagsnámskeið kr. 9.000.-
hálfsdagsnámskeið kr. 4.500.-

**Námskeið 2** (8 virkir dagar)
**21. - 30. júní**
heilsdagsnámskeið kr. 12.000.-
hálfsdagsnámskeið kr. 6.000.-

**Námskeið 3** (6 virkir dagar)
**3. - 10. ágúst**
heilsdagsnámskeið kr. 9.000.-
hálfsdagsnámskeið kr. 4.500.-

**Námskeið 4** (8 virkir dagar)
**11. - 20. ágúst**
heilsdagsnámskeið kr. 12.000.-
hálfsdagsnámskeið kr. 6.000.-

Námskeiðin eru fyrir börn á aldrinum 6-12 ára frá kl. 9-16, gæsla er í boði frá kl. 8-9 og 16-17 og kostar hver klst. kr. 150.-

## Tennisdeild BH

Líkt og undanfarin ár hefur Tennisdeild BH aðstöðu sína á tveimur tennisvöllum á Víðistaðatúni. Aðgangur að völlunum er öllum heimill utan notkunartíma félagsins, án endurgjalds. Skipulögð starfsemi felst í tennisskóla, tennisnámskeiðum og tennisæfingum auk kennslu fyrir hópa og einstaklinga.

**Tennisskóli BH**

Í sumar starfrækir Tennisdeild BH tennisskóla á tennisvöllunum á Víðistaðatúni og í íþróttahúsi Víðistaðaskóla / Strandgötu virka daga í júní og júlí í sumar frá kl. 9-12 fyrir börn 6-12 ára. Hvert námskeið stendur yfir í tvær vikur.

**Tímasetning námskeiða:**

**Námskeið 1:**
**7. - 18. júní frá kl. 9-12**

**Námskeið 2:**
**21. júní - 2. júlí frá kl. 9-12**

**Námskeið 3:**
**5. - 16. júlí frá kl. 9-12**

Farið verður í öll helstu grunnatriði tennisíþróttarinnar í bland við skemmtilega tennisleiki ásamt því sem brugðið verður á leik og farið í aðrar íþróttir. Í lok hvers námskeiðs verður pizzaveisla og fá allir nemendur tennisbol og viðurkenningarskjal.

Verð fyrir hvert námskeið er kr. 5.900. Systkinaafsláttur er 20%.

**Skráning:**

Skráning er í síma 564 4030 eða 699 4130. Ath. frestið ekki skráningu því aðeins 20 krakkar komast á hvert námskeið.

Tennisæfingar fyrir börn og unglinga 13 ára og eldri verða í samvinnu við Tennisfélag Kópavogs á úti- og innivöllum í Sporthúsinu Kópavogi. Skráning og upplýsingar eru í síma 564 4030 eða 699 4130.

## Golfskóli Keilis

Golfskóli fyrir börn og unglinga fædd 1991-1996 verður á golfvelli Keilis á Hvaleyri í sumar.

Leiðbeinandi verður Tómas Aðalsteinsson og fleiri. Golfskólinn hefst mánudaginn 7. júní og honum líkur fimmtudaginn 22. júlí. Skólinn verður tvískiptur.

Hópur 1 (1991-1993) Fjöldi: 24:
**Vika 1: 7.-10. júní** (mánud.-fimmtud.)
**Vika 2: 14.-18. júní** (mánud.-fimmtud.) (17. júní - frídagur)

Hópur 2 (1994-1996) Fjöldi: 24:
**Vika 1: 21.-24. júní** (mánud.-fimmtud.)
**Vika 2: 5.-8. júlí** (mánud.-fimmtud.)

Báðir hópar:
**Vika 3: 19.-22. júlí**

Golfskólinn er frá kl. 9-11.45. Vikan 11.-17. júlí fellur niður vegna meistaramóts Keilis.

Innritun fer fram í síma 565 3360 og hefst hún mánudaginn 24. maí. Ath. kúlur og kylfur eru á staðnum. Unglingar sem sækja golfskóla Keilis hafa forgang um að gerast félagar í Golfklúbbnum Keili. Námskeiðsgjald fyrir sumarið er kr. 10.000. Foreldrar athugið að börnin séu klædd eftir veðri og að þau taki með nesti.

## Golfleikjaskólinn

Árið 2000 veitti 19. júní-sjóðurinn Önnu Díu Erlingsdóttur, íþróttafræðingi/heilsuþjálfara og golfleiðbeinanda styrk til eflingar kvenna í golfíþróttinni. Í sumar verður haldið áfram að hvetja stelpur/konur á öllum aldri til þess að kynnast golfíþróttinni í skemmtilegum leik og alvöru. Einnig verður boðið upp á hjóna/para- og fjölskyldunámskeið. Námskeiðin eru 5 virkir dagar í röð, 1½ klst. í senn. Notað verður kennsluefni eftir Önnu Díu og „Skólagolf" samið af golfkennurunum Jóni Karlssyni og Magnúsi Birgissyni, gefið út af GSÍ árið 2000. Námskeiðsstaður: Grænt svæði við Álftanesveg, aðeins lengra en vegurinn að Hrafnistu.

Námsskeiðstími: kl. 17.30-19 eða 19.10-20.40. Fyrsta námskeiðið hefst 26. apríl n.k. Ný námskeið hefjast flesta mánudaga í sumar. Námskeiðsgjald 3.800 kr. auk vallargjalds þegar spilað verður á golfvelli síðasta daginn. Golfáhöld verða lánuð.

Upplýsingar og skráning er hjá Önnu Díu í síma 6915508 og á Netinu golf@golfleikjaskolinn.is www.golfleikjaskolinn.is.

## Reiðnámskeið Sörla

Hestamannafélagið Sörli mun í samvinnu við íþrótta- og tómstundanefnd standa fyrir útivistar- og reiðnámskeiðum í sumar á félagssvæði Sörla á Sörlastöðum (reiðhöll) við mjög góðar aðstæður í fallegu umhverfi. Kennsla fer bæði fram inni og úti. Námskeiðin standa yfir í tæpar tvær vikur í senn og verður boðið upp á hálfsdagsnámskeið þar sem þátttakendur læra að umgangast hestinn á sem víðtækastan hátt. Í lok hvers námskeiðs gera þátttakendur sér dagamun og grilla. Námskeiðin standa yfir frá kl. 9-12 og kl. 13-16, virka daga, þau eru ætluð börnum 9-14 ára.

**Námskeiðin verða sem hér segir:**
**1. og 2. námskeið 14. - 25. júní**
**3. og 4. námskeið 6. - 15. júlí**
**5. og 6. námskeið 19. - 28. júlí**

Verð á hvert námskeið er 12.000 kr. (3 klst. 8 skipti) nema á námskeið nr. 1 og 2 sem er 13.500 kr. (3 klst. 9 skipti). Systkinum er veittur afsláttur.

Nánari upplýsingar og innritun fer fram á Sörlastöðum í síma 565 2919 frá 1. júní frá kl. 16-18 virka daga. Nauðsynlegt er að greiða við innritun.



Ljósm.: Guðni Gíslason

## Siglingaklúbburinn Þytur

Í sumar mun Þytur bjóða upp á nokkur siglinganámskeið fyrir börn og unglinga 9 ára og eldri og eitt námskeið verður haldið fyrir börn 7 og 8 ára. Einnig verða í boði siglingaæfingar fyrir þá sem hafa náð góðum tökum á íþróttinni.

Á námskeiðunum verður kennt eftir námskrá Siglingasambands Íslands. Kennslan er bæði bókleg og verkleg og fær hver þátttakandi kennslu við sitt hæfi. Kenndar verða siglingar, siglingareglur og umgengni um seglbáta og búnað þeirra. Við leggjum mikla áherslu á virðingu fyrir náttúrunni og náttúruöflunum, hafinu og vindinum. Í námskeiðslok gerum við okkur dagamun og grillum.

Nýtt námskeið hefst á hverjum mánudegi og stendur hvert námskeið í tvær vikur. Námskeiðin eru annars vegar fyrir hádegi frá kl. 9 til 12 og hins vegar eftir hádegi frá kl. 13 til 16. Fyrsta námskeiðið hefst 7. júní kl. 9 til 12. Þá mun sú nýjung verða í ár að námskeiðið eftir hádegi dagana 7. til 19. júní verður einungis fyrir 7 og 8 ára börn. Þytur býður einnig uppá kjölbátanámskeið fyrir fullorðna. Þau verða nánar auglýst á heimasíðu Þyts.

Námskeið verða í júní og júlí og kostar hvert námskeið 7.900 kr. – veittur er fjölskylduafsláttur. Hámarksfjöldi á hverju námskeiði eru 16 börn og unglingar. Kennt verður í aðstöðu Þyts, Strandgötu 88 og í Hafnarfjarðarhöfn. Skráning er hafin á heimasíðu Þyts sem er www.sailing.is. Á heimasíðunni eru einnig upplýsingar um námskeiðin og hægt er að senda fyrirspurnir á sailing@sailing.is. Nánari upplýsingar og innritun verður einnig frá og með 17. maí í síma 555 3422.





## Sundhöll Hafnarfjarðar

Sundhöll Hafnarfjarðar verður opin almenningi í sumar sem hér segir:

Mánud. - föstud. kl. 6.30-21.
Laugard. og sunnud. kl. 8-12.

Gufubað kvenna er opið alla virka daga frá kl. 13-21 og laugardaga og sunnudaga frá kl. 8-12. Gufubað karla er opið mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 13-21, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 13-20 og laugardaga og sunnudaga frá kl. 8-12.

Forstöðumaður Sundhallarinnar er Einar Sturlaugsson og síminn þar er 555 0088, myndsendir: 555 0012, tölvupóstur sundh@mmedia.is og vefsíðan er www.mmedia.is/sundh.

## Suðurbæjarlaug

Suðurbæjarlaug er opin almenningi mánudaga til föstudaga frá kl. 6.30-21.30, laugardaga frá kl. 8-18.30 og sunnudaga frá kl. 8-17.30. Forstöðumaður Suðurbæjarlaugar er Daníel Pétursson og síminn þar er 565 3080.

## Ungbarnasund í Suðurbæjarlaug

Í vor og sumar verða haldin námskeið í ungbarnasundi fyrir ungbörn þriggja til fimm mánaða gömul undir leiðsögn íþróttakennaranna Jóns Júlíussonar og Helgu Gunnarsdóttur. Hvert námskeið hefst á fræðslu- og kynningarfundi þar sem farið er yfir helstu atriði námskeiðanna. Innritun og nánari upplýsingar í síma 554 6885.

## Sumarsund fyrir hressa krakka

Eins og undanfarin ár verða haldin námskeið og sundskóli á vegum SH. Námskeiðin verða í Sundhöllinni og Suðurbæjarlaug, undir stjórn vel menntaðra þjálfara, ásamt leiðbeinendum úr afrekshópum SH. Námskeiðin eru fyrir börn fædd 1994-2001. Hvert námskeið stendur yfir í tvær vikur (9-10 tíma). Verð 4.500 krónur. Við minnum á að það er tilvalið fyrir foreldra og /eða systkini að nýta sér aðstöðuna í laugunum á meðan. Í boði er:

**2. júní-2. júlí:**
**Námskeið fyrir leikskóla.**

**2. júní-29. júlí:**

- **Sundnámskeið fyrir börn 5-10 ára** (f. 1994-1999).
- **Sundskóli SH fyrir börn 3-4 ára** (f. 2000-2001).
- **Sundleikjanámskeið fyrir börn 5-10 ára** (f. 1999-1994).
- **Fullorðinsnámskeið** (fyrir fólk á öllum aldri). Kennd verða helstu grunnatriði í skriðsundi, bringusundi og baksundi.

Hægt er að innrita á skrifstofu SH (í Íþróttahúsinu við Strandgötu) sími 555 6830, alla virka daga frá kl.12-13.30. Við skráningu greiðist námskeiðsgjald. Vinsamlegast hafið með upplýsingar um kennitölu barns og forráðamanna sem og heimilisfang og síma. Einnig er hægt að innrita í gegnum heimasíðu SH á www.sh.is Allar upplýsingar verða auglýstar á heimasíðu SH og auglýsingar í sundlaugum Hafnarfjarðar.

# Kvikmyndagerð og leiklist

## Bíósmiðjan - Kvikmyndagerð og leiklist

Á námskeiðinu spreyta þátttakendur sig á því að búa til stuttmyndir, tónlistarmyndbönd, fréttaskot, grínþætti og leikrit. Krakkarnir geta valið sér hvað þeir vilja búa til eftir áhugasviði. Allir fá tækifæri bæði til að kvikmynda, koma með handritahugmyndir og að leika. Síðasta daginn verður bíósýning með því efni sem búið hefur verið til yfir vikuna. Allir geta svo fengið myndbandsspólu með kvikmyndunum sínum. Námskeiðin verða tvö, ef næg þátttaka fæst, fyrir krakka í 4.-7. bekk (fædd 1991-1994), frá kl. 13-16.

**Námskeið 1 28. júní - 2. júlí**
**Námskeið 2 5. - 9. júlí**

Kennari á námskeiðinu er Þórunn Helgadóttir sem kennt hefur leiklist og kvikmyndagerð síðastliðin þrjú ár. Námskeiðið kostar 4.500 kr.

Skráning er í síma 661 7768 eða með því að senda tölvupóst á thorunnh@mmedia.is

## Listasmiðja barna

Komdu og láttu ljós þitt skína. Lifandi námskeið þar sem fengist er við leiklist, söng og dans. Búin er til sýning í lok hvers námskeiðs með búningum og öllu tilheyrandi. Skapandi námskeið, jákvætt og sjálfsstyrkjandi fyrir framtíðina. Hvert námskeið stendur yfir í 3 vikur. Í hverjum hóp eru einungis 12 einstaklingar. Kennslan er í höndum fagfólks sem býr yfir mikilli reynslu af því að vinna með börnum og ungu fólki.

1. námskeið 14. júní - 2. júlí
2. námskeið 5. - 23. júlí
3. námskeið 3. - 20.ágúst

Námskeiðin standa yfir frá kl. 9-12 og 13-16. Námskeiðin eru fyrir börn á aldrinum 5 til 15 ára og verður þeim skipt í hópa eftir aldri. Nánari upplýsingar gefur Laufey Brá söng- og leikkona í síma 695 5323.

## Leiklist - Dramasmiðjan

Dramasmiðjan heldur leiklistarnámskeiðin: Það er líka pláss fyrir mig! í Hvaleyrarvatnsskála fyrir 10-12 ára börn til að auka félagslega hæfni og sporna gegn mismunun. Um spennandi námskeið er að ræða þar sem börnin fá fræðslu og æfingu í gegnum listsköpun.

Haldin verða átta leiklistarnámskeið, viku í senn:

**7. -11. júní**
**14. -18. júní**
**21. - 25. júní**
**28. júní - 2. júlí**
**5. - 9. júlí**
**12. -16. júlí**
**19. -23. júlí**
**26. -30. júlí**

Aðalkennarar á námskeiðunum eru: Margrét Ákadóttir, leikari og leiklistarþerapisti, Matthildur Matthíasdóttir, söngvari og söngkennari og Sólveig Þorbergsdóttir, myndlistarmaður. Markmiðið með þessu námskeiði er að æfa börnin í að tjá sig í gegnum leiklist um lífið og hvernig þau upplifa það. Við vitum að þær tilfinningar sem fylgja því að vera barn geta valdið miklu álagi. Við vitum líka að oft er einmitt erfitt að tjá þessar tilfinningar ekki síst ef maður á erfitt með að nefna þær og skilja. Leiklist er ein leið til að finna og skilja tilfinningar.

Lögð verður áhersla á að auka félagslega hæfni í gegnum: Fræðslu, Taktvinnu („rhythm" í texta, hljóði og hreyfingu); leiki til að takast á við raunveruleikann; leiki til að æfa framsögn og meðferð talaðs máls; raddþjálfun með hreyfingu/söng/texta; myndlist; framsögn (hreinar talæfingar eins notaðar eru í leikhúsinu); skapandi skrifum; leikræna tjáningu til að auka hæfni til að þekkja tilfinningar; leikræna tjáningu til að vinna með höfnun; æfingu; sýningu.

Unnið verður utan dyra ef veður leyfir og gagngert tekist á við umhverfið, því er nauðsynlegt að börnin hafi með sér hlífðarfatnað, sem hægt verður að geyma á staðnum meðan á námskeiðinu stendur. Hverju námskeiði lýkur með sýningu og samverustund sem nemendur hafa unnið og þróað sjálfir (foreldrar velkomnir). Innifalið í verði er máltíð í hádeginu en nemendur verða að koma með nesti fyrir kaffitíma f.h og e.h.

Skráning hefst 5. maí í síma 551 7300, 895 3839 en einnig er hægt að skrá sig á heimasíðu Dramasmiðjunnar: www.dramasmidjan.is. Nánari upplýsingar um stjórnanda námskeiðanna Margréti Ákadóttur og kennara er að finna á heimasíðu dramasmiðjunnar.



## Leiklistarnámskeið

Tveir alþjóðlegir leikhópar, Dan Kai Teatro og Zecora Ura, verða hérlendis 12.-24. ágúst og halda fjögur mismunandi námskeið 15.-19. ágúst í Gamla bókasafninu að Mjósundi 10. Námskeiðin eru öllum opin, en áhersla er lögð á að ná til ungs fólks. Hóparnir munu einnig sýna nýtt verk eftir ungan íslenskan höfund, Beauty, 18.-21. ágúst. Leikhóparnir samanstanda af 10 listamönnum á aldrinum 20-25 ára, og koma þau frá 7 löndum og svæðum. Sýningarnar munu að mestu fara fram í húsnæði Leikfélags Hafnarfjarðar í gamla Lækjarskóla. Í vinnu hópanna er litið á leikhúsið sem stað þar sem skilningur á ólíkum menningarheimum myndast.

Skráning og nánari upplýsingar á heimasíðunni www.zecoraura.com eða með því að senda tölvupóst á okkur gollrir@hotmail.com og/eða eyrunoskj@hotmail.com.

## Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar

Aðsetur: Flatahrauni 29, sími 565 4020.

Á hverju fimmtudagskvöldi frá desember og út apríl er opið hús; kaffispjall, hnýtingar og stundum góðir gestir, allir veiðimenn innilega velkomnir. Unglingastarf fyrir 12-16 ára er ca. 8-10 skipti á sama tímabili, kenndar fluguhnýtingar, hnútar, veiðivídeokvöld og endar svo með veiðiferð þar sem keppt er um Bröndubikarinn.

## Hvaleyrarvatn

Hvaleyrarvatn er gott útivistarsvæði þar sem tilvalið er að njóta útiveru í fögru umhverfi. Hægt er að veiða í vatninu og er það ætlað fyrir börn, unglinga, aldraða og öryrkja. Veiðin er aðallega ætluð byrjendum og er lengra komnum veiðimönnum og öðrum áhugamönnum bent á Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar. Aðstaða til útiveru við Hvaleyrarvatn er mjög góð og er alltaf verið að bæta hana. Þá má benda á útigrill, bátaleigu, göngustíga í nágrenninu o.m.fl. Upplýsingar um Hvaleyrarvatn er hægt að fá á skrifstofu tómstundamála í síma 585 5750.

Helstu veiðisvæði eru Hlíðarvatn í Selvogi, Djúpavatn á Reykjanesi, Kleifarvatn, Jónskvísl og Sýrlækur, Grenlækur-flóðið ofl.

Allt um félagið, veiðisvæði og veiðileyfi á heimasíðunni www.svh.is



## Opnir leikvellir, sparkvellir og körfuboltakörfur

Allar upplýsingar um hvar er að finna opna leikvelli, sparkvelli og körfuboltakörfur í Hafnarfirði er hægt að fá hjá garðyrkjustjóra, Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar í síma 585 5670.

# Regnbogabörn

## Fjöldasamtök áhugafólks um eineltismál

Þjónustumiðstöð er rekin í húsi samtakanna að Mjósundi 10 í Hafnarfirði, þar sem hægt er að fá ráðgjöf. Öll ráðgjöf er veitt skjólstæðingum að kostnaðarlausu. Opið hús er á þriðjudagskvöldum fyrir 12 ára og eldri. Á heimasíðunni er fróðleikur, hægt að taka þátt í spjalli, senda inn fyrirspurnir og senda inn reynslusögur og pistla. Jafnframt eru ýmis námskeið í boði. Í þau þarf að skrá sig fyrirfram og það ræðst af fjölda þátttakenda hvort af námskeiðunum verður.

Leiklistarnámskeið

Félagskvíðanámskeið

Samskipta- og félagsfærninámskeið

Hringið og fáið nánari upplýsingar, sími 555 0862. Opið kl. 10-16 alla virka daga. s. 555 0862. Lokað í júlí! Netfang ráðgjafa: jonpall@regnbogaborn.is, sími 862 1105, Mjósundi 10, netfang: einelti@regnbogaborn.is

Heimasíða: www.regnbogaborn.is

## Bjartir dagar hjá Regnbogabörnum

### Drama og taktur með Margréti Ákadóttur,

Frábær fyrirlestur um taktinn í tilverunni fyrir alla aldurshópa. Margrét Ákadóttir, leikari og leiklistarmeðferðarfræðingur fer á kostum og hrífur fólk með sér í hreyfingu og drama á aðeins 30 mínútum. Komið við í Gamla bókasafninu, Mjósundi 10, á 2. hæð kl. 13 laugardaginn 12. júní og kl. 13 laugardaginn 19. júní á Björtum dögum. Tilvalið að hoppa út í sumarið eftir taktæfingu hjá Margréti. Það kostar kr. 500,- að kíkja inn, boðið er upp á kaffi og gos, 12 ára og yngri borga ekkert.



# Útilífsnámskeið Hraunbúa




Skátafélagið Hraunbúar verður með skemmtileg útilífsnámskeið fyrir alla hressa krakka á aldrinum 8-11 ára í sumar. Dagskráin byggist upp á mikilli útiveru og ekta skátastarfi.

Leiðbeinendur á námskeiðunum eru reyndir foringjar innan félagsins. Foringjarnir eru vanir stjórnun hóps auk þess að hafa umsjón og eftirlit með hóp. Foringjarnir hafa einnig margra ára skátareynslu að baki. Allir leiðbeinendur hljóta þjálfun hjá Bandalagi íslenskra skáta, sækja ítarlegt námskeið um starfshætti og öryggisreglur sumarnámskeiða og upprifjun í skyndihjálp.

Við leggjum metnað okkar í sinna einstaklingnum vel ásamt því að hafa fjölbreytta og skemmtilega dagskrá. Meðal viðfangsefna eru sund, stangaveiði, sig, klifur, náttúruskoðun, kanó, rötun, útieldun, skátaleikir og margt, margt fleira. Tvær dagskrár verða í gangi fyrir krakka sem vilja vera tvær vikur. Þátttakendum er skipt í 4-6 manna flokka. Flokkarnir starfa svo saman ásamt leiðbeinanda sínum út námskeiðið.

Í sumar verða fjögur námskeið í fimm daga hvert. Þá daga sem námskeiðin eru haldin innanbæjar stendur dagskráin yfir frá kl. 10 til 16. Boðið verður upp á gæslu klukkutíma fyrir og eftir dagskrá þar sem ýmis skátafræði verða kennd eða farið í leiki. Nauðsynlegt er að þátttakendur mæti klæddir eftir veðri og með hollt og gott nesti fyrir daginn.

Farið verður í einnar nætur útilegu á fimmtudegi kl. 10 við Hvaleyrarvatn, sem er rétt fyrir utan Hafnarfjörð, og komið til baka kl. 16 á föstudegi.

Þátttakendur fá ítarlegan bækling um tilhögun námskeiðsins og útilegunnar í upphafi námskeiðs. Á hvert námskeið komast 20 krakkar í senn. Þátttökugjald er kr. 7.000.

**1. Námskeið: 21. - 25. júní**
**2. Námskeið: 28. júní - 2. júlí**
**3. Námskeið: 5. - 9. júlí**
**4. Námskeið: 12. - 16. júlí**

Systkinaafsláttur er 10%, 15% afsláttur er veittur af hverri aukaviku. Innifalið í verði er allar ferðir, dagskrá, sundferðir, efni og gisting. Þá fá allir þátttakendur viðurkenningu í lok námskeiðs. Þátttökugjald skal greiða eigi síðar en á fyrsta degi námskeiðs. Tekið er á móti greiðslukortum. Innritun er hafin í síma 565 0900 mánudaga til fimmtudaga milli kl. 16 og 20, eða á www.hraunbuar.is um miðjan maí.

Í lok ágúst verður haldin grillveisla í skátaheimilinu þar sem þátttakendum af sumarnámskeiðunum er boðið en þar gefst þeim einnig tækifæri á að kynna sér starfsemi skátanna betur. Nánar auglýst síðar.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á www.hraunbuar.is. Þar gefur einnig á að líta umsögn og myndir frá síðustu námskeiðum.

# Útivistarskólinn á Gufuskálum



Útivistarskólinn er opinn öllum á aldrinum 14-18 ára.

**Sumarnámskeiðin:**

Grunnnámskeið Útivistarskólans eru námskeið þar sem fólk lærir það sem snýr að almennri ferðamennsku eins og ferðahegðun, um ferðafatnað og útivistarbúnaður, bjargsig, rötun, lærir á áttavita, kortalestur, hnúta, fyrstu hjálp, að gista undir berum himni, að sigla slöngubát, að upplifa rústir, kassaklifur og margt fleira.

Á **Framhaldsnámskeiði** skólans spreytir fólk sig á því sem það lærði á grunnnámskeiði. Farið er í útilegu ásamt því að nánar er er hugað að mataræði á ferðalögum, veðurfræði,

landakorti og kortalestri, áttavitanum, stefna mæld af korti, lært um staðsetningu með miðun, misvísun, gengið eftir áttavita, lært um fjarskipti, villur og vandræði. Þarna þurfið þið að glíma við náttúruna sjálfa.

Leiðbeinendur Útivistarskólans eru allir björgunarsveitamenn sem hafa staðist strangt þjálfunarferli og eru með langa reynslu af björgunarmálum

Námskeiðin verða sem hér segir:
**10.-15. júní** (grunnnámskeið)
**17.-22. júní** (grunnnámskeið)
**24.-29. júní** (framh.námsk.-Snæfellsnes)
**8.-13. júlí** (framh.námsk.-Norðurland)
**15.-20. júlí** (framh.námsk.-Austurland)
**5.-10. ágúst** (grunnnámskeið)
**12.-17. ágúst** (grunnnámskeið)

Sex daga sumarnámskeið kostar 30.000 kr. Innifalið: fæði, gisting, námskeið og námskeiðsgögn, en án ferða á staðinn. Sætaferðir eru frá BSÍ. Greiða þarf gjaldið tveimur vikum áður en námskeið hefst til að halda plássinu.

Skráning er hafin í síma 570 5900 einnig er hægt að skrá sig á heimasíðunni okkar landsbjorg.is og í netfanginu skrifstofa@landsbjorg.is og allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast í síma: 570 5900. Tekið er við debet- og kreditkortum og símgreiðslu.

# Rauði krossinn

## Sumarbúðir Rauða krossins á Löngumýri, Skagafirði

Sumarbúðirnar eru ætlaðar börnum 10 ára og eldri og börn af erlendu bergi brotin og einstaklingar með sérþarfir eru sérstaklega velkomin. Sumarbúðirnar eru á vegum Rauða kross deildanna á Norðurlandi og er margt skemmtilegt á dagskránni svo sem sund, leikir, hestamennska, sjó- og veiðiferð kringum Drangey, rafting niður Blöndu, fjallganga o.fl. Hægt er að velja um tvö tímabil, 28. júní - 5. júlí og 19.-26. júlí. Þátttökugjald er 24.500 auk þess sem þátttakendur sjá sér sjálfir fyrir fari í Skagafjörðinn. Innritun og frekari upplýsingar annast Karl Lúðvíksson í síma 453 8816 eða 896 8416 eftir kl. 17 virk daga og kl. 9 til 17 um helgar. Skráning hófst 16. apríl.

## Mannúð og menning

Fyrir 9-11 ára börn á höfuðborgarsvæðinu. Á námskeiðunum er lögð áhersla á fræðslu og leiki í tengslum við hugsjónir Rauða krossins um mannúð og óhlutdrægni. Þátttakendur fræðast um Rauða kross starf, skyndihjálp, mismunandi menningarheima og umhverfið. Námskeiðin standa frá mánudegi til föstudags. Mannúð og menningarnámskeiðin eru rekin af Rauða kross deildum á höfuðborgarsvæðinu. Leiðbeinendur eru tveir.

Námskeið I: 7. júní -11. júní í
Reykjavík að Hverfisgötu 105,
**Námskeið II: 14. júní -18. júní** í
Hafnarfirði að Strandgötu 24
Námskeið III: 21. júní - 25. júní í
Mosfellsbæ að Urðarholti 4



Námskeið IV: 28. júní - 2. júlí í
Kópavogi að Hamraborg 11
Námskeið V: 5. júlí - 9. júlí í
Reykjavík að Hverfisgötu 105
Námskeið VI: 12. júlí - 16. júlí í
Kópavogi að Hamraborg 11

Skráning er hafin. Tekið er við skráningum hjá Kópavogsdeild Rauða kross Íslands í síma 554 6626 að Hamraborg 1 milli kl. 12 og 14 alla virka daga. Netfang kopavogur@redcross.is Verð kr. 6.000.- Enginn systkinaafsláttur. Gengið er frá greiðslu við skráningu. Hægt er að millifæra greiðslu í heimabanka, borga á skrifstofu Kópavogsdeildar eða greiða með kreditkorti í gegnum síma.

## Sumarbúðir í Þórsmörk

Rauði kross Íslands heldur umhverfisnámskeið í Þórsmörk fyrir unglinga á aldrinum 12-14 ára.

Boðið er upp á kennslu í skyndihjálp, fræðslu um ólíka menningarheima, náttúruna og Rauða krossinn. Tekið er þátt í gróðursetningu, farið í gönguferðir, leiki og þrælskemmtilegar kvöldvökur.

Skráning í síma 570 4000
**Námskeiðin verða haldin;**
**Námskeið 1 7.-11. júní**
**Námskeið 2 14.-18. júní**
**Námskeið 3 21. -25. júní**
**Námskeið 4 28. júní - 2. júlí**

## Ungmennastarf

Á vegum Hafnarfjarðardeildar er haldið úti ungmennastarfi fyrir krakka 10 ára og eldri. Krakkarnir hittast í tveimur hópum, annars vegar 10-13 ára og hins vegar 14 ára og eldri. Saman vinna þau að ýmsum mannúðarmálum, fara í ferðalög, læra um Rauða krossinn, halda fjáraflanir, vinna í fataflokkun og margt fleira. Allar nánari upplýsingar um ungmennastarfið má fá í síma 565 1222.

# Sumarbúðir KFUM og KFUK

## Kaldársel



Skammt ofan Hafnarfjarðar í nágrenni Helgafells eru sumarbúðir KFUM og KFUK í Kaldárseli. Þar rennur kristaltær Kaldáin sem gefur staðnum skemmtilegan svip og tækifæri til að vaða í á hlýjum dögum eða sigla litlum duggum. Á grónu leiksvæði eru leiktæki og þar er hægt að fara í ýmsar íþróttir og leiki, auk þess sem hraunið í kring býður upp á ýmsa möguleika til leikja.

Í Kaldárseli hefur hver dagur fast skipulag sem býður þó upp á margvísleg viðfangsefni, allt eftir áhuga hvers og eins. Að morgni dags er samverustund með fræðslu og söngvum. Eftir hana er frjáls tími, t.d. við ána, úti í hrauni, á smíðavelli, á íþróttavelli eða í íþróttasal þegar illa viðrar. Eftir hádegi er lögð áhersla á útiveru og gönguferðir. Í næsta nágrenni við Kaldársel eru spennandi staðir svo sem vinin Valaból, eldstöðin Búrfell, móbergsfjallið Helgafell, ýmsir hellar, skóglendi og önnur útivistarsvæði sem gaman er að skoða. Eftir kvöldmat eru kvöldvökur þar sem starfsfólk og börn bregða á leik og syngja saman. Kvöldstundinni lýkur svo með stuttri helgistund.



**Drengir 7-11 ára, 1993-1997:**
1. 7.-11. júní 17.400 kr.
2. 12.-16. júní 17.400 kr.
3. 18.-22. júní 17.400 kr.

**Stúlkur 7-11 árra, 1993-1997:**
4. 23.- 28. júní 20.700 kr.
5. 29. júní - 5. júlí 24.000 kr.
6. 8.-14. júlí 24.000 kr.

**Stúlkur 7-12 ára, 1992-1997:**
7. 15.-19. júlí 17.400 kr.

**Drengir og stúlkur 7-11 ára, 1993-1997:**
8. 9.-13. ágúst 17.400 kr.
9. 16.-20. ágúst 17.400 kr.

Rútugjald er innifalið í verði. Í hvern flokk komast 38 börn. Skráning í Kaldársel er hafin og fer fram á skrifstofu KFUM og KFUK við Holtaveg 28 í Reykjavík, sími 588 8899, netfang: skraning@kfum.is, veffang: www.kfum.is. Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 8-16. Opið hús verður í Kaldárseli sunnudaginn 6. júní kl. 14-17. Væntanlegum dvalargestum og foreldrum þeirra er sérstaklega boðið að koma og kynna sér aðstöðuna og hitta starfsfólk sumarsins.

# Hafnarfjarðarkirkja, Sumarbúðir í bæ

Hafnarfjarðarkirkja stendur nú í sjöunda sinn fyrir sumarnámskeiðum í ágúst fyrir börn á aldrinum 6-12 ára (1992-1998). Sumarbúðirnar fara fram í tengslum við safnaðarheimili kirkjunnar. Börnin koma í sumarbúðirnar kl.13 og eru þar til kl. 16. Hvert námskeið stendur í eina viku.

Dagskráin samanstendur af leikjum, fræðslu og útivist. Einnig verður farið í ýmsar stuttar ferðir um bæjarfélagið. Síðasta sumar voru öll námskeiðin vel sótt og tókust þau afar vel. Sumarbúðarstjóri sumarsins er Halla Eyberg Þorgeirsdóttir og verður með henni valinkunnur hópur.

Hægt er að skrá börn í sumarbúðirnar alla daga frá og með 22. júlí í síma Hafnarfjarðarkirkju, 555 1295 og 555 4166.

Námskeiðin fara fram í ágústmánuði.



Ljósm.: Guðni Gíslason

# Hin ýmsu félög í Hafnarfirði og forsvarsmenn þeirra

## Æskulýðsfélög

**Hraunbúar, skátafélag**
Hraunbyrgi, Hjallabraut 51 ...... 565 0900
www.hraunbuar.is
hraunbuar@hraunbuar.is
Óskar Skúlason, félagsforingi .. 555 2629
Grænukinn 18 ........................ 860 7534
oskar@hraunbuar.is

**KFUK og KFUM**
Skrifst. Landssambands
Holtavegi 28, Rvk.................... 588 8899
kfum@kfum.is
www.kfum.is
Gyða Karlsdóttir ...................... 898 7138
gyda@kfum.is

**KFUM strætó**
Haraldur Guðjónsson .............. 868 0999
halli@kfum.is

**Sumarstarf KFUM&K Kaldárseli**
Skrifstofa ................................ 588 8899
Ásgeir Markús Jónsson ............ 566 6566
Bugðutanga 5, Mosfellsbæ ...... 897 2737

**Nemendafélag Flensborgarskóla**
Flensborgarskóli ..................... 555 3392
oddviti@nff.is
Tryggvi Rafnsson ..................... 661 1396
Traðarbergi 5

**Unglingadeildin Björgúlfur**
Flatahrauni 14 ........................ 565 1500
Jón Gunnarsson ...................... 821 9028
Lækjarkinn 6 ........................... 483 5232
jonni@spori.is

**Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands**
Hafnarfjarðardeil og Bessast.hr. deild
URKÍ-HÁ
Strandgötu 24 .......................... 565 1222
hafnarfjordur@redcross.is
Ingibjörg Ósk Helgadóttir ........ 899 7577
Móabarði 32b

## Stjórnmálafélög

**Framsóknarfélag Hafnarfjarðar**
Dalshrauni 5 ........................... 555 1819
www.xb.is/hafnarfjordur

**Samfylkingin í Hafnarfirði**
Strandgötu 32 .......................... 555 0499
www.xs.is

**Sjálfstæðisflokkurinn**
Strandgötu 29 .......................... 565 1055
www.xdhafnarfjordur.is

## Ýmis félög

**AA samtökin í Hafnarfirði**
Kaplahrauni 1 .......................... 565 2353

**Bandalag kvenna í Hafnarfirði**
Guðrún Hjörleifsdóttir
Brattholti 1 ............................. 565 0712

**Björgunarsveit Hafnarfjarðar**
Flatahrauni 14 ........................ 565 1500
www.spori.is
Júlíus Gunnarsson
Vesturholti 13 ......................... 660 1566

**Bridgefélag Hafnarfjarðar**
www.bridge.is
Erla Sigurjónsdóttir.................. 659 3013
Arnarhrauni 29 ....................... 565 3050
erla999@simnet.is

**FABS**
Félag aðstandenda barna með sérþarfir í Hafnarfirði
fjolam@talnet.is
Fjóla Markúsdóttir .................. 698 4051
Birkihlíð 4a ............................ 565 1804

**Félag eldri borgara í Hafnarfirði**
Félagsmiðstöðin Hraunsel
Flatahrauni 3........................... 555 0142
febh@islandia.is
Sigurður Hallgrímsson ............ 895 1366
Háabarði 7 .............................. 565 1366

**Flugmódelfélagið Þytur**
Hamranesi v/Hvaleyrarvatn
www.thytur.is
Pétur Hjálmarsson .................. 897 1007
Aratúni 2, Gb........................... 562 3313
rafogdyr@internet.is

**Inner Wheel klúbbur Hafnarfjarðar**
www.innerwheel.is
Hjördís Ingvarsdóttir ............... 555 2555
Lindarbergi 58......................... 896 2555
disa@ntv.is

**ITC deildin Íris**
Sigurlaug Þórðardóttir ............. 660 9663
Lautarsmára 5, Kóp. ............... 565 9935

**Kammerkór Hafnarfjarðar**
kammerkor@kammerkor.is
Finnbogi Óskarsson
Hverfisgötu 6 ......................... 695 0397

**Karlakórinn Þrestir**
www.threstir.is
Páll Ólafsson
Klukkubergi 10 ....................... 898 5725

**Kiwanisklúbburinn Eldborg**
Helluhrauni 22 ....................... 565 1360
Tryggvi Þór Jónsson ................ 896 2005
Móabarði 16b ........................ 565 4546

**Kiwanisklúbburinn Hraunborg**
Helluhrauni 22 ....................... 565 1360
Gunnar Magnússon ................. 894 0405
Selvogsgötu 1 ........................ 555 4039
gunni@gunnimagg.is

**Kiwanisklúbburinn Sólborg**
www.kiwanis.is
Guðbjörg B. Pálsdóttir ............. 565 3666
Fagrabergi 52 ......................... 695 3669
fagraberg@islandia.is

**Kór Flensborgarskólans í Hafnarfiði**
www.flensborg.is
Hrafnhildur Blomsterberg ........ 699 3740
Lækjarbergi 36 ....................... 565 5354
hild@ismennt.is

**Kór Öldutúnsskóla**
Egill Friðleifsson ..................... 555 2236
Fagrahvammi 5....................... 862 8636
erf@ismennt.is

**Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar**
Þóra Hrönn Njálsdóttir............. 565 1305
Austurgötu 40 ........................ 862 0074
thorahronn@isl.is

**Kvenfélagið Hringurinn**
Kristín Gunnbjörnsdóttir ........... 555 3129
Sléttahrauni 30 ...................... 692 3129
stinag@bakkar.is

**Kvenfélagið Hrund**
Hafdís Magnúsdóttir
Flókagötu 4 ........................... 555 1504

**Kvennakór Hafnarfjarðar**
Ragna Jóna Helgadóttir
Öldugötu 22a ........................ 866 4141
ragnajona@visir.is

**Kvæðamannafélag Hafnarfjarðar**
Haukur Sigtryggsson
Álfaskeiði 49 .......................... 555 1521

**Leikfélag Hafnarfjarðar**
Gamli Lækjarskóli, leikfelagid@simnet.is
Gunnar Björn Guðmundsson .. 820 3661
Álfaskeiði 84, grigor@t2.is

**Lionsklúbburinn Ásbjörn**
Pétur Júlíus Halldórsson ........... 863 1002
Gauksási 31 ........................... 565 3969
petur@stilling.is

**Lionsklúbbur Hafnarfjarðar**
Bæjarhrauni 2 ........................ 565 0777
Lárus Lárberg Guðmundsson .... 892 7257
Lautasmára 1, Kóp. ................. 554 1737
larberg@simnet.is

**Lionsklúbburinn Kaldá**
Birna Loftsdóttir ...................... 555 3476
Álfaskeiði 38 ......................... 898 7454
bl@hvalur.is

**Lúðrasveit Hafnarfjarðar**
www.mmedia.is/lh
Arnbjörg Jóna Jóhannsdóttir .... 895 0110
Breiðvangi 3 .......................... 564 1668
arnbjörg13@hotmail.com

**Rauði kross Íslands Hafnarfjarðardeild**
Strandgötu 24 ......................... 565 1222
hafnarfjordur@redcross.is
Helgi Ívarsson
Fjóluhvammi 15 ...................... 565 3264

**Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar**
www.rotary.is/hafnarfj
Guðmundur R. Ólafsson .......... 898 2620
Lækjarbergi 8 ......................... 565 1607

**Sálarrannsóknarfélagið**
Símon Jón Jóhannsson
Bröttukinn 21 ......................... 565 5834
sjj@flensborg.is

**Sinawikklúbbur Hafnarfjarðar**
Sigrún Helga Ólafsdóttir .......... 820 2931
Álfaskeiði 72 .......................... 555 2930

**Skógræktarfélag Hafnarfjarðar 555 6455**
Níels Árni Lund ....................... 555 2227
Gvendargeisla 34, Rvk. ........... 855 4629
Framkvæmdarstjóri
Hólmfríður Finnbogadóttir ........ 893 2855
Skúlaskeiði 32 ........................ 853 2855

**Slysavarnadeildin Hraunprýði**
Hjallahrauni 9
Kristín Gunnbjörnsdóttir ........... 555 3129
Sléttahrauni 30 ....................... 692 3129
stinag@bakkar.is

**Soroptimistaklúbbur**
Hafnarfjarðar og Garðabæjar
Mjöll Flosadóttir
Traðarbergi 15 ....................... 565 4575
mjoll@sph.is

**St. Georgsgildið í Hafnarfirði**
Rúnar Brynjólfsson .................. 699 8501
Hólabraut 19 ......................... 555 1298
runarbry@hotmail.com

**Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar**
Flatahrauni 29 ....................... 565 4020
www.svh.is
stjórn@svh.is
Hans Ólason ......................... 555 2821
Austurgötu 29b ...................... 898 2608

## Kirkjur og samfélög

**Aðventkirkjan í Hafnarfirði**
Loftsalurinn
Hólshrauni 3 .......................... 555 2260
adventistar@mmedia.is
Björgvin Snorrason
Álfheimum 68, Rvk. ................. 861 2722

**Bahá'í samfélagið**
Öldugötu 2, Rvk. ..................... 567 0344
www.bahai.is
www.bahai.org
John Spencer ......................... 555 1321
Blikaási 5 ............................. 695 3298
spencer@islandia.is

**SGI Búddistar**
www.sgi.is
Eygló Jónsdóttir ...................... 847 2033
eyglo@sgi.is

**Fríkirkjan í Hafnarfirði**
Safnaðarh. v/Linnetsstíg ........... 565 3430
www.frikirkja.is
Séra Einar Eyjólfsson ............... 565 1478
einar@frikirkja.is
Séra Sigríður K. Helgadóttir ...... 897 0211
sigga@frikirkja.is
Djákni: Sigríður Valdimarsdóttir .. 555 1152
Kirkjuvörður:
Hörður Guðmundsson ............ 555 3048
Umsjón m/Safnaðarheimili:
Auður Gísladóttir .................... 565 4161
Tónlistarstjóri:
Örn Arnarson ......................... 861 9234
orn@frikirkja.is

**Hafnarfjarðarkirkja**
v/Strandgötu .......................... 555 1295
Strandberg v/Strandgötu .......... 555 4166
Myndsendir ............................ 555 1294
www.hafnarfjardarkirkja.is
Séra Gunnþór Ingason ............ 555 1670
Tjarnarbraut 3 ........................ 862 5877
Séra Þórhallur Heimisson ........ 555 4899
Fálkahrauni 10 ....................... 891 7562
Kirkjuþjónar:
I. Halldór Ámundason ............ 862 1027
Jóhanna Björnsdóttir ............... 555 1295
Kórstjóri og organisti:
Antonía Hevesí ....................... 555 1295

**Hvítasunnukirkjan Kletturinn**
Bæjarhrauni 2 ........................ 565 3987
www.gospel.is
Jón Þór Eyjólfsson .................. 898 2633
Miðholti 6, jte@gospel.is

**Kaþólska kirkjan**
Jófríðastaðarstöðum ............... 555 0187
catholica@vortex.is
Séra Jakob Rolland ................. 552 5388

**Víðistaðakirkja**
v/ Hraunbrún ......................... 565 2050
Safnaðarheimili ....................... 565 2051
vidistadakirkja@vidistadakirkja.is
www.vidistadakirkja.is
Séra Bragi J. Ingibergsson ........ 565 5961
Breiðvangi 61 ........................ 894 7173
srbragi@vidistadakirkja.is
Kirkjuverðir: Rúnar Gunnarsson 698 8961
runar@vidistadakirkja.is
Óskar Jónsson ....................... 555 2504
Húsmóðir safnaðarheimilis,
Laufey Baldvinsdóttir ............... 869 5925
Organisti, Úlrik Ólason ........... 565 9774
ulrik@vidistadakirkja.is
Kórstóri Barna- og unglingakórs,
Áslaug Bergsteinsdóttir ............ 554 6747

## Íþróttafélög

**Badmintonfélag Hafnarfjarðar**
Hörður Þorsteinsson ............... 565 3020
Stuðlabergi 38 ....................... 896 1227
hord_sig@mmedia.is
- Tennisdeild BH
Jón Gunnar Grjetarsson .......... 555 0306
Brunnstíg 4 ........................... 899 9349
jongg@ruv.is

**Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar**
Haukahrauni 1 ....................... 565 4027
mmslaufa@simnet.is
Áslaug Jónsdóttir .................... 565 1507
Efstuhlíð 29 .......................... 863 9495

### Fimleikafélagið Björk
Íþróttamiðstöðin Björk
Haukahrauni 1 ... 565 2311
www.fbjork.is, fbjork@simnet.is
Anna María Valtýsdóttir ... 565 0557
Stuðlabergi 100 ... 864 0557
amv@isl.is
Framkvæmdastjóri
Hallgunnur Skaptason ... 847 2191

### Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Íþróttahús Kaplakrika ... 565 0711
www.fhingar.is
Ingvar Viktorsson ... 896 3929
Svöluhrauni 15 Hfj. ... 555 2131
Búningshús ... 565 0139
Sjónarhóll ... 565 2534
-Frjálsíþróttadeild FH
Íþróttasvæðið Kaplakrika ... 5556016
www.frjalsar.is
Sigurður Haraldsson ... 565 1114
Dofrabergi 7 ... 664 5631
siggih@hafnarfjordur.is
-Handknattleiksdeild FH
Sjónarhóll ... 565 2534
fh.geir@simnet.is
Sæmundur Stefánsson ... 555 1192
Víðivangi 12 ... 895 7292
-Knattspyrnudeild FH
Sjónarhóll ... 565 2534
Guðmundur Árni Stefánss. ... 565-5255
Fagrahvammi 2a ... 896 1407
garni@althingi.is
Framkv.stj. Pétur Stephensen ... 894 0040
-Lyftingadeild FH
Geir Þórólfsson
Langeyrarvegi 16 ... 565 1294
-Skylmingadeild FH
Ólafur Bjarnason ... 555 2774
Birkibergi 36 ... 560 2600
olafur@simnet.is

### Íþróttafélagið Fjörður
www.internet.is/fjordur
Tómas Jónsson ... 863 0808
Njarðargötu 37, Rvk. ... 561 3738
toj@ir.is

### Golfklúbburinn Keilir
Golfskálinn á Hvaleyrarholti ... 565 3360
keilir@isholf.is
Bergsteinn Hjörleifsson ... 5650384
Erluhrauni 2 ... 8646108

### Golfklúbburinn Setberg
Golfskálinn í Setbergi ... 565 5690
www.golf.is undir klubbar
gsegolf@simnet.is
Högni Friðþjófsson ... 555 3552
Fagrabergi 58 ... 6993552

### Hestamannafélagið Sörli
Hlíðarþúfur, Kaldárselsvegi ... 565 2919
sorli@sorli.is
Vilhjálmur Ólafsson ... 565 8732
Vífilstöðum, Gb. ... 8245424

### ÍBH
Íþróttahúsið v/Strandgötu ... 555 2300
Pósthólf 548
Jón Gunnar Grjetarsson ... 555 0306
Brunnstíg 4 ... 899 0306
jongg@ruv.is
Framkvæmdastjóri
Óskar Ármannsson ... 863 0203

### ÍH
Ingólfur Finnbogason
Vesturtúni 43, Álftanesi ... 695 7072

### Knattspyrnufélagið Haukar
Íþróttamiðstöðin Ásvöllum ... 525 8700
-Skrifstofa ... 525 8707
haukar@haukar.is
www.haukar.is
-Framkvæmdarstjóri ... 896 9966
bhg@haukar.is
-Aðalstjórn
Þorgeir Haraldsson ... 565 1082
tor@haukar.is ... 894 6146
-Félagsráð Hauka ... 853 5470
gardyrkja@simnet.is
-Handknattleiksdeild Hauka ... 525 8703
Eiður Arnarsson ... 820 9515
eidur@hf.is
-Karatedeild Hauka ... 525 8700
Gunnlaugur Sigurðsson ... 896 7693
gunnl@simi.is
-Knattspyrnudeild Hauka ... 525 8705
Páll Guðmundsson ... 899 8753
gp@islandia.is
-Körfuknattleiksdeild Hauka ... 525 8702
Sverrir Hjörleifsson ... 898 1678
formadur@haukar-karfa.is
-Skíðadeild Hauka ... 525 8700
Vilhjálmur Ólafsson ... 863 2361
villo@simnet.is
-Skákdeild Hauka ... 525 8700
Auðbergur Magnússon ... 897 2463
aui@simnet.is
-Öldungaráð Hauka ... 525 8700
Óskar Halldórsson ... 555 3950

### Kvartmíluklúbburinn
Félagsheimili Kaplahrauni 8 ... 5553150
kvartmila@kvartmila.is
www.kvartmila.is
Ingólfur Arnarson ... 5550606
Hringbraut 62 ... 8970163
ing@simnet.is

### Siglingaklúbburinn Þytur
Strandgötu 88 ... 555 3422
www.sailing.is
sailing@sailing.is
Hákon Helgason ... 4613331
Goðatúni 23 ... 6894488
hah@mamma.is

### Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar
Skotsvæði: Iðavellir, Kapelluhrauni
www.sih.is
sih@sih.is
Ferdinand Hansen
Heiðvangi 7 ... 565 2887
fhansen@hansen.is

### Sundfélag Hafnarfjarðar
Íþróttahúsið Strandgötu ... 555 6830
www.sh.is
Sigurður Guðmundsson ... 565 7018
Krókamýri 70, Gb. ... 861 1603
sigurdur@strendingur.is
Framkvæmdastjóri
Ragnhildur Anna Þorgeirsdóttir .. 8631492



## SUND SUÐURBÆJAR LAUG SWIMMINGPOOL

- Nudd
- Heitir pottar
- Vatnsgufa
- Ungbarnasund
- Ljósabekkir
- Vatnsleikfimi
- Bunusveppur
- Sundnámskeið
- Vatnsrennibraut
- Upphituð hlaupabraut



Sundlaugin er opin almenningi **mánudaga til föstudaga** frá **kl. 6:30 - 21:30**, **laugardaga** frá **kl. 8:00 - 18:30** og **sunnudaga** frá **kl. 8:00 - 17:30**. **Síminn er 565 3080.**

Fjölskyldukort **kr. 12.000**

6 mánaða kort **kr. 7.500**

**Opnar kl. 6:30**

Nautilus Ísland ehf Tækjasalur

Björgvin Óskarsson 896 3702

## Sundhöll Hafnarfjarðar

við Herjólfsgötu

SUND HÖLL HAFNARFJARÐAR

**Opnunartími** fyrir almenning: Alla virka daga frá kl. **6:30 til 21:30**. Á laugardögum og sunnudögum er opið frá kl. **8:00 til 12.00**.

Sími sundhallarinnar er **555 0088.**





Fjölskyldukort **kr. 12.000**

6 mánaða kort **kr. 7.500**

**Opnar kl. 6:30**

- **Stökkbretti**
- **Gufubað**
- **Heitir pottar**
- **Sólarlampar**
- **Kvennatímar**